

Skipulagsstofnun  
Auður Ýr Sveinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24  
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

3. desember 2003  
Tilvísun: UST20031100030/sf

### **Eldi á laxi í sjókvíum í Seyðisfirði, allt að 1500 t á ári. Matsskylda.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er áhlits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

Fyrir liggur úrskurður umhverfisráðherra frá 15. september þess efnis að eldi á laxi, regnbogasilungi og þorski í sjókvíum í Seyðisfirði, allt að 8000 tonn á ári, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í tilkynningu framkvæmdaraðila um 1500 tonna laxeldi kemur fram að um er að ræða fyrsta áfanga af þeim 8000 tonnum sem fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum muni fjalla um.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### **1. Atriði er varða mengun á viðtaka eða áhrif á botndýralíf**

Eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 18. mars 2003, um matsskyldu fiskeldis í Seyðisfirði, allt að 8000 tonn og umsögn dags. 11. júní 2003 um stjórnsýslukæru vegna úrskurðar Skipulagsstofnunar telur Umhverfisstofnun ekki líkur á að fyrirhugað fiskeldi hafi skaðleg áhrif hvað varðar mengun viðtaka eða áhrif á botndýralíf. Út frá fyrirbyggjandi gögnum er ekki líklegt að fyrirhugað fiskeldi hafi skaðleg áhrif á umhverfið vegna formfræðilegra, vatnafræðilegra eða annarra sérstakra aðstæðna í vatninu, sbr. skilgreiningu á síður viðkvæmum svæðum í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skolp. Athuganir á botndýralífi sýna að það er svipað og annars staðar á Austfjörðum og hvorki sérstakt né auðugt.

#### **2. Atriði er varða hugsanlega erfðablöndun, sammögnunarhárf með öðru fiskeldi og hugsanlega sjúkdómahættu.**

*Almennt*

Umhverfisstofnun telur ekki ljóst hver áhrif framkvæmdarinnar verða m.t.t. hugsanlegrar erfðablöndunar, sjúkdómahættu og sammögnunaráhrifa með öðrum áformum í fiskeldi. Stofnunin bendir á að í fyrrgreindum úrskurði umhverfisráðherra segir m.a.: „Ráðuneytið telur að lita beri til sjónarmiða varðandi erfðablöndun við ákvörðun um matsskyldu fiskeldis

sérstaklega í ljósi þess magns sem hér um ræðir, nálægðar við fiskveiðiár og sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum." Í úrskurðinum segir einnig: „Ráðuneytið telur að fyrirhuguð framkvæmd kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þegar hafðar eru til hliðsjónar umsagnir yfirdýralæknis um að magn fyrirhugaðs eldis sé illviðráðanlegt ef upp koma sjúkdómar, álits Umhverfisstofnunar um að verið sé að nýta burðarþol Seyðisfjarðar til hins ítrasta og að eðlilegt sé að skoða vel sammögnunaráhrif eldisins með öðrum framkvæmdum sem og umsagnir Veiðimálastjóra og Veiðimálastofnunar að því er varðar umfang framkvæmdarinnar og sammögnunaráhrif. Ráðuneytið telur óvissu ríkja um framangreind atriði sem rétt sé að fjallað verði nánar um í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Þannig verði gerð grein fyrir hver áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfið þ.m.t. sammögnunaráhrifum með öðru fiskeldi sem þegar hefur verið heimilað á Austfjarðasvæðinu.”

Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að áhrif framkvæmdarinnar á ofangreinda þætti, þ.e. erfðablöndun, sjúkdómahættu og sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, liggi ljós fyrir.

#### *Erfðablöndun og sjúkdómahætta*

Samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru tilkynningarskyldar framkvæmdir m.a. þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar (sbr. 1. tl. g.). Sú framkvæmd sem nú er til umfjöllunar er eldi á allt að 1500 tonnum á ári af laxi og er hún fyrsti áfangi í fiskeldi allt að 8000 tonn, en nú þegar er búið að veita leyfi fyrir eldi á 22000 tonnum af laxfiski á ári á Austfjörðum. Raunar kemur fram í umsögn Veiðimálastofnunar (dagsett 27/9 2003) að af þessari heimild eru einungis um 1500 tonn í framleiðslu sem gefa einhverja vísbendingu um hugsanleg áhrif vegna erfðablöndunar við þessar aðstæður hér á landi. Umhverfisstofnun bendir á að einu viðmiðunarmörkin sem sett hafa verið hér á landi varðandi magn fiskeldis og hugsanleg umhverfisáhrif og hægt er að styðjast við eru 200 tonn, þ.e. þau viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Það magn sem hér um ræðir er 1500 tonn eða töluvert meira magn en viðmiðunarmörkin tilgreina. Einnig er ljóst að framkvæmdaraðili fyrirhugar að fara í meira fiskeldi síðar meir og hefur boðað að hann muni leggja fram umhverfismat fyrir 8000 tonna framkvæmd. Umhverfisstofnun telur að veruleg hættu sé á erfðablöndun og sjúkdómum í villtum laxastofnum vegna stóraukins fiskeldis hér við land og því fyllsta ástæða til að gæta varúðar. Benda má á að Seyðisfjörður liggur nær laxveiðiám í Vopnafirði en þeir firðir sem laxeldi hefur áður verið leyft í, þ.e. Reyðarfjörður, Mjóifjörður og Berufjörður, en samkvæmt norskum heimildum er talið að árlega sleppi um 2-5 % laxa úr kvíaeldi.

Í umsögn yfirdýralæknis um matsskyldu fiskeldis í Seyðisfirði allt að 8000 tonn kemur m.a. fram að 8000 tonna ársframleiðsla sé alltof stór eining og verði illviðráðanleg ef alvarlegir smitsjúkdómar koma upp. Það er ekki hlutverk Umhverfisstofnunar að fjalla sérstaklega um sjúkdóma nema að því leyti ef hættu er á að þeir geti spillt náttúru landsins, í þessu tilfelli villtum laxfiskastofnum. Með sífellt fleiri laxeldisstöðvum við ströndina má þó gera ráð fyrir að sú hættu aukist.

Umhverfisstofnun bendir á að erfitt er að meta hvar hættumörkin liggja nákvæmlega hvað varðar hugsanleg umhverfisáhrif, s.s. vegna sjúkdóma og hættu á erfðablöndun. Líkt og með sjúkdóma hlýtur hættan á erfðablöndun og hættan á samkeppni villtra laxa við eldisfisk um búsvæði að aukast eftir því sem sífellt fleiri laxeldisstöðvar dreifast á firði Austanlands frá Berufirði til Seyðisfjarðar og gera má ráð fyrir að meira magn fiska sleppi. Nýlegar

rannsóknir (*McGinnity et al., 2003: Fitness reduction and potential extinction of wild populations of Atlantic Salmon, *Salmo salar*, as a result of interactions with escaped salmon.*) sýna að stöðug blöndun eldisfisks við villta laxastofna leiðir til minni hæfni þeirra og möguleika á að villtum laxastofnum sem eru viðkvæmir fyrir verði útrýmt.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað 1500 tonna fiskeldi í Seyðisfirði er 1. áfangi eldis sem samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra skal háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur ekki líkur á að fyrirhugað 1500 tonna fiskeldi í Seyðisfirði hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér hvað varðar áhrif á botnadýralíf eða mengun viðtaka, sbr. skilgreiningu á síður viðkvæmum svæðum í reglugerð nr. 789/1999 um fráveitur og skolp. Ljóst er 1500 tonna fiskeldi er töluvert undir burðarmörkum Seyðisfjarðar m.t.t. fiskeldis en eins og bent var á í umsögnum Umhverfisstofnunar um allt að 8000 tonna fiskeldi í Seyðisfirði væri með eldi af þeirri stærðargráðu verið að nýta burðarþol fjarðarins til hins ýtrasta.

Stofnunin telur að veruleg hættu sé á erfðablöndun og útbreiðslu sjúkdóma meðal villtra íslenskra laxastofna vegna stóraukins fiskeldis hér við land. Þó sá framkvæmdarhluti sem hér um ræðir sé mun minni að umfangi en úrskurður umhverfisráðherra kveður á um að fara skuli í mat þá telur stofnunin mikilvægt að sammögnunaráhrif vegna hættu á erfðablöndun sem stafar af fyrirhuguðu og eldi laxfiska sem búið er að veita leyfi fyrir á Austfjörðum verði metin fyrir framkvæmdina í heild sinni, svo sem fram kemur í úrskurði ráðherra.

Umhverfisstofnun telur í ljósi þess að:


- þar sem einungis 1500 tonn eru nú í framleiðslu á Austfjörðum þrátt fyrir heimildir fyrir 22000 tonna framleiðslu, og
- ekki eru líkur á að þessi hluti framkvæmdarinnar hafi skaðleg áhrif hvað varðar mengun viðtaka að áhrif á botndýralíf,

þá sé ólíklegt að þessi hluti framkvæmdarinnar hafi veruleg umhverfisáhrif í för með sér miðað við þá framleiðslu sem er á svæðinu í dag, enda verði þessi hluti framkvæmdarinnar órjúfanlegur hluti mats á umhverfisáhrifum 8000 tonna framleiðslu sem framkvæmdaaðili hefur þegar hafið vinnu við, samanber úrskurð ráðuneytisins frá 15 september 2003. Þar verður gerð grein fyrir hver áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar í heild sinni verða á umhverfið þ.m.t. sammögnunaráhrifum með öðru fiskeldi sem þegar hefur verið heimilað á Austfjarðasvæðinu.

Virðingarfyllst,



Davíð Egilsson  
Forstjóri



Helgi Jónsson  
Forstöðumaður